

Losun vegna flugferða starfsfólks samstæðu OR

Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugferða starfsfólks frá 2015 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2018 náðist ekki markmið um losun vegna flugferða og var yfir grunngildinu. En sé horft til losunar á hvern starfsmann var markmið ársins uppfyllt og einnig grunngildið. Gögn um flugferðir eru fengin úr bókhaldskerfi OR samstæðunnar. Þetta er erfiður losunarflokkur þar sem eldsneytisgjafi er utan ramma OR samstæðunnar og það er ekki um marga hreina valkosti að ræða til að skipta út hefðbundnum flugferðum. Þó eru tækifæri til að draga úr losun með því að nýta oftar „Skype“ fundi, fara yfir þörf flugferða t.d vegna ráðstefna sem unnt er að sækja á Netinu.

